

MOSFELLINGUR

VEFÚTGÁFA

www.mosfellingur.is



3. TBL. 20. ÁRG. FIMMTUDAGUR 11. MARS 2021 • DREIFT FRÍTT INN Á ÖLL HEIMILI Í MOSFELLSBÆ • VEFÚTGÁFA: WWW.MOSFELLINGUR.IS



HÖRÐUR ÓLAFSSON FAGSTJÓRI LÆKNINGA
OG DAGNÝ HÆNGSDÓTTIR SVÆDISSTJÓRI
HEILSUGÆSLU MOSFELLSUMDÆMIS

Opnar 29. mars • Í tvöfalt stærra húsnæði • Nútímalegri stöð eftir 20 ár í Kjarna

Ný heilsugæslustöð opnar í Sunnukrika í lok mánaðar

Heilsugæsla Mosfellsumdæmis vinnur nú að því að flytja starfsemi sína úr Kjarnanum í Sunnukrika og ráðgert er að opna á nýjum stað mánudaginn 29. mars.

Heilsugæslan hefur verið starfrækt í Kjarnanum í um 20 ár, frá því íbúafjöldi var um 5.000, þar til nú þegar bæjarbúar eru að verða 13.000. Það er því ljóst að húsnæðið sem nú þjónar umdæminu, 700 m², er löngu sprungið.

Nýja stöðin verður hins vegar 1.220 m² og mun gjörbylta allri aðstöðu. „Það er ekki hægt að líkja þessu saman. Stöðin verður öll nútímalegri og vinnuástaða fyrir starfsfólk og aðkoma fyrir skjólstaðinga verður allt önnur. Þetta verður líklega flottasta heilsugæslan á landinu og það er mikil tilhlökkun í okkar herbúðum,“ segir Dagný Hængsdóttir svæðisstjóri Heilsugæslu Mosfellsumdæmis. »6

EIGN VIKUNNAR

www.fastmos.is



Tröllateigur - frábær staðsetning

Einbýlishús á tveimur hæðum ásamt stórum bílskúr á stórrí falllegri lóð. Eignin er skráð 233,9 m², þar af íbúðarhlutinn á tveimur hæðum 175,4 m² og bílskúrin 58,5 m². Eignin stendur á glæsilegri 1.781,5 m² lóð með stóru bílastæði og tveimur timburveröndum. Góð staðsetning. Stutt í verslanir og alla helstu þjónustu, skóla, sund og íþróttamiðstöðina að Varmá.

V. 98,7 m.



Fasteignasala
Mosfellsbæjar



FYLGSTU
MEÐ OKKUR
á Facebook

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Einar Páll Kjærnested • lögg. fasteignasali • www.fastmos.is

Við sjáum um dekkin

Pantaðu tíma á n1.is

N1 Langatanga 1a
Mosfellsbær



N1 ALLA LEIÐ

Mosfellingurinn Dagbjört Vatnsdal Brynjarsdóttir félagsforingi Mosverja

Lærði að lifa í náttúrunni,
elska hana og virða »24



Súrdeigsbrauð

Mosfellsbakari • Háholti 13-15 • 5666145
mosfellsbakari.is • mosbak@mosbak.is

RÉTTINGAVERKSTÆÐI

Jóns B. ehf

Flugumýri 2, Mosfellsbær

Símar: 566 7660 og 697 7685 jonrett@internet.is
WWW.JONB.IS



CAB
CABAS



ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI

SKIPTUM UM FRAMRÚÐUR

Útgefandi: Mosfellingur ehf., Spóahöfða 26, sími: 694-6426

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Hilmar Gunnarsson, hilmar@mosfellingur.is

Ritstjórn:

Anna Ólöf Sveinbjörnsdóttir, annaolof@mosfellingur.is

Ragnar Þór Ólason, raggiola@mosfellingur.is

Ruth Örnólfsdóttir, ruth@mosfellingur.is

Prentun: Landsprent. **Upplag:** 4.500 eintök. **Dreifing:** Afturelding.

Umbrot og hönnun: Mosfellingur ehf.

Prófförk: Ingibjörg Valsdóttir

ISSN 2547-8265

Tekid er við aðsendum greinum á mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð. Efni og auglýsingar skulu berast fyrir kl. 12, mánudegi fyrir útgáfudag.

Mosfellingur kemur út að jafnaði á þriggja vikna fresti.

Næsti Mosfellingur kemur út 1. apríl

Sunnukrikinn að rísa

Nú er fyrsta byggingin risin í Sunnukrika, neðst í Krikahverfi, en svæðið er hugsað fyrir verslun og þjónustu. Lóðirnar í götunni voru fyrst auglýstar árið 2006 eða fyrir um 15 árum. Á tímabili stóð til að reisa hótél og ferðaþjónustu á svæðinu en nú er ýmislegt annað í bígerð.




Heilsugæslan hefur fengið sitt húsnæði afhent á efri hæð Sunnu-

krika 3 og vinnur nú að því að flytja sig um set úr Kjarnanum. Opna á Heilsugæsluna í lok marsmánaðar. Á sama stað mun opna apótek, kjötbúð, verslunin Nettó og mögulega eitthvað fleira heilsutengt. Þá er bílasalan ÍsBand búin að láta teikna upp miklar höfuðstöðvar í götunni og leggja til við bæjaryfirvöld að fá þar pláss.

Það eru því spennandi tímar fram undan neðst í Krikahverfinu og ljóst að ásýnd svæðisins mun taka miklum breytingum á næstunni með tilheyrandi lífi.

Hilmar Gunnarsson, ritstjóri Mosfellings



ÍSFLUGL

www.isflugl.is



Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

Helgafellshverfi


Framkvæmdir við 4. byggingaráfanga í landi Helgafells standa nú yfir. Svæðið afmarkast frá Sauðhóli og með Skammadalsslæk, en handan hans er land Reykjalundar. Fyrstu húsin eru þegar risin og gatnakerfið að verða sýnilegt. Það eru heimamenn, Mosfellingar, sem eru þarna að verki. Byggingafélagið Bakki og VGH verktakar annast gatnagerð og jarðvinnslu. Góð yfirsýn yfir athafnasvæðið er frá Sauðhóli og Reykjalundi.



Þessi góði sveitungi, Pétur Guðmundsson frá Garði, kann vel til verka þegar stórframkvæmdir eru undir.



Nýlega tekin mynd frá Sauðhóli yfir framkvæmdasvæðið



Myndin er tekin árið 1950, þegar uppbygging á Reykjalundi stóð yfir. Ofar sér í Sauðhól og efst í gamla bæinn á Helgafelli. Ef myndin prentast vel má sjá sumarbústaðina austur með fjallinu.

Umsjón: Birgir D. Sveinsson (birgird@simnet.is)

HÉÐAN OG ÞAÐAN



Getur þú fundið **Benjamín** falinn í blaðinu?

Hringdu

skólanet Hringdu

hraðasta internetið

ótakmarkað gagnamagn

langbesta verðið

fyrir námsmenn

7.600 kr. á mánuði



Fasteignasala Mosfellsbæjar



Svanþór
Einarsson
Lögg. fasteignasali



Egilína S.
Guðgeirsdóttir




Hildur
Ólafsdóttir



Þórhildur M.
Sandholt
Lögg. fasteignasali



Sigurður
Gunnarsson
Lögg. fasteignasali



Theodor Emil
Karlsson



ESJUGRUND

Vel skipulagt 96 m² fjögurra herbergja raðhús í Grundarhverfi á Kjalarnesi. Eignin skiptist í forstofu, eldhús, stofu/borðstofu, þrjú svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús. Mannngengt geymsluloft er yfir húsinu.

V. 44,9 m.



BLIKAHÖFÐI

Eignin er eingöngu til sölu í skiptum á dýrara raðhúsi, parhúsi eða einbýlishúsi með 3-4 svefnherbergjum í sama hverfi. Verð allt að 90 milljónir. Falleg 100,3 m², 4ra herbergja íbúð með stórra afgirtri timburverönd á 1. hæð ásamt 27,6 m² bílskúr.

Eignin er eingöngu til sölu í skiptum á dýrara raðhúsi, parhúsi eða einbýlishúsi með 3-4 svefnherbergjum í sama hverfi.



BJARKARHOLT

Ný 3ja herbergja 97,6 m² íbúð á 3. hæð. Íbúðin afhendist fullbúin án gólfefna en baðherbergi er flísalaft. Tvö stæði í bílakjallara og geymsla fylgir íbúðinni. Frábær staðsetning. Stutt í alla helstu þjónusta.

V. 54,9 m.

ERUM MEÐ KAUPANDA

... að parhúsi, raðhúsi, hæð eða litlu fjölbýli þar sem dýrahald er leyft. Bílskúr eða bílastæði í bílageymslu.

Kaupin eru ekki háð fjármögnun eða sölu á annarri eign.



Svanþór Einarsson
Löggiltur fasteignasali
svanthor@fastmos.is
S: 698 8555



Sigurður Gunnarsson
Löggiltur fasteignasali
sigurdur@fastmos.is
S: 899 1987



VILTU SELJA?

Ertu í söluhugleiðingum eða að
velta fyrir þér að kaupa fasteign?

VEGNA MIKILLAR SÖLU VANTAR OKKUR
ALLAR GERÐIR EIGNA TIL SÖLU

*Fasteignasala Mosfellsbæjar hefur verið rekin í Mosfellsbæ síðan 1998
og hefur lagt metnað sinn í þjónusta Mosfellinga frá upphafi.*

Una býður sig fram til forystu í Kraganum

Una Hildardóttir, varaþingmaður Vinstri grænna í Suðvesturkjördæmi og formaður Lýðræðis- og mannréttindanefndar

Mosfellsbæjar, sækist eftir 1. til 2. sæti í forvali flokksins vegna komandi þingkosninga. Una er 29 ára, uppalin í Mosfellsbæ þar sem hún býr ásamt eiginmanni og dóttur. „Ég er fyrsti varaþingmaður flokksins í kjördæminu og hef tekið sæti á þingi sjö sinnum á kjörtímabilinu. Ég hef tekið virkan þátt í starfi VG frá árinu 2011. Ég hef gegnt ýmsum störfum fyrir flokkinn og í dag sit ég í flokksráði hreyfingarinnar. Einnig hef ég frá sveitastjórnkosningum árið 2018 verið formaður Lýðræðis- og mannréttindanefndar Mosfellsbæjar fyrir hönd VG.“



Tveir nýir leikvöllir teknir í notkun

Tveir nýir leikvöllir hafa verið teknir í notkun í Mosfellsbæ, annar í Helgafellshverfi og hinn í Leirvogstunguhverfi. Leikvöllurinn í Helgafellshverfi er fyrir neðan Uglugötu og hentar öllum aldri. Fjölbreytt leiktæki eru á svæðinu sem eiga að henta öllum, jafnt ungbörnum sem fullorðnum. Völlurinn er langt kominn en endanleg jarðvegsvinna og gróðursetning verður með vorinu. Þá verður komið fyrir bekkjum þannig að allir ungir sem aldnir geti komið sér vel fyrir. Í Leirvogstungu er nýi leikvöllurinn staðsettur milli Laxatungu og Vogatungu. Sá leikvöllur hentar einnig öllum aldri. Þar eru hólur og hæðir sem hægt er að nýta í hina ýmsu leiki svo sem sleðabrekkur á veturna og í ýmsa leiki á sumrin. Fjölbreytt leiktæki eru á svæðinu og þar munu einnig koma fjölbreyttar trjátægundir sem er á áætlan að gróðursetja í vor.

MOSFELLINGUR

**KEMUR NÆST ÚT
1. APRÍL**

mosfellingur@mosfellingur.is

Samráðsverkefni íbúa og bæjarins • Hugmyndasöfnun til 6. apríl • Kosið í byrjun sumars

Hugmyndasöfnun hafin fyrir Lýðræðisverkefnið Okkar Mosó

Nú er komið að þriðju hugmyndasöfnuninni vegna Okkar Mosó, samráðsverkefni íbúa og bæjarins um forgangsröðun og úthlutun fjármagns til smærri framkvæmda í nærumhverfi íbúa Mosfellsbæjar.

Verkefnið byggir á áherslum í lýðræðis- og stefnu Mosfellsbæjar um samráð og íbúakosningar auk þess sem markmið verkefnisins er að virkja almenning til þátttöku í lýðræðislegri umræðu og ákvarðanatöku. Okkar Mosó 2021 byggist á fyrri reynslu sambærilegra verkefna árin 2017 og 2019.

Hugmyndasöfnun til 6. apríl

Íbúar Mosfellsbæjar eru hvattir til að senda inn fjölbreyttar hugmyndir að góðum verkefnum í bænum. Hugmyndirnar geta tengst því að gera Mosfellsbæ betri, skapa eitthvað nýtt, efla hreyfingu, hafa jákvæð áhrif á umhverfi og íbúa til útivistar og samveru, bættar lýðheilsu eða aðstöðu til leikja og skemmtunar. Gert er ráð fyrir að verja allt að 35 milljónum króna í þau verkefni sem fá flest atkvæði.



Til að komast áfram í kosningu þurfa hugmyndirnar sem sendar eru inn að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Nýttast hverfi eða íbúum bæjarins í heild.
- Vera til fjárfestinga en ekki rekstrar.
- Auðveldar í framkvæmd.
- Varða umhverfi á bæjarlandi en ekki á landi í einkaeigu.
- Falla að skipulagi og stefnu Mosfellsbæjar.
- Vera í verkahring sveitarfélagsins.
- Kostnaður hugmynda taki ekki stóran hluta af fjármagni verkefnisins.

Kosið verður um bestu hugmyndirnar

Hver hugmynd þarf að vera vel útskýrð og með nákvæma staðsetningu. Það auðveldar fólki að meta hugmyndina og hvort það vilja gefa henni atkvæði. Athugið að starfsmenn Mosfellsbæjar geta óskað eftir nánari skýringum á hverri hugmynd.

Hugmyndir að framkvæmdum á íþróttasundlaugar- og skólasvæðum þarf að skoða sérstaklega.

Kosið verður um bestu hugmyndirnar dagana 31. maí til 6. júní.

Úttekt og mat á stjórnskipulagi Varmárskóla • Breytingin tekur gildi 1. ágúst

Varmárskóla verður skipt upp í tvo sjálfstæða skóla

Haustið 2020 fór fram ytra mati á Varmárskóla á vegum Menntamálastofnunar. Í niðurstöðum þess mats komu fram vísendingar um að skoða þyrfti nánar stjórnskipulag skólans.

Á fundi bæjarráðs hinn 4. júní 2020 samþykkti bæjarráð að fela bæjarstjóra og framkvæmdastjóra fræðslu- og frístundasviðs að láta gera úttekt og mat á stjórnskipulagi Varmárskóla og á þeim grunni setja fram tillögur að breytingum ef tilefni væri til. Úttekt fór fram haustið 2020 og var fenginn til verksins Haraldur Línald Haraldsson hjá HLH ráðgjöf.

Á fundi bæjarráðs hinn 14. janúar 2021 var úttekt á stjórnskipulagi Varmárskóla og tillögur að breytingum frá HLH ráðgjöf lagðar fram.

Kostir og gallar metnir

Í úttekt HLH ráðgjafar eru tilgreindir kostir og gallar núverandi fyrirkomulags í stjórnskipun skólans. Gallarnir voru metnir fleiri en kostirnir sem að mati úttektaraðila kölluðu á tillögur um breytt fyrirkomulag. Þrjár sviðsmyndir til breytinga voru settar fram. Sú sviðsmynd sem metin var best að mati úttektaraðila var að skipta skólanum upp í tvo sjálfstæða skóla með skólastjóra í hvorum skóla, ásamt stjórnunarteymi deildarstjóra.

Með slíkri skiptingu fengist markvissari fagleg og fjárhagsleg stjórnun á málefnum hvors skóla. Einnig var það mat úttektarað-



ila að skiptingin kalli ekki á aukinn rekstrar-kostnað.

Dagana 14.-20. janúar fóru fram kynningar fyrir stjórnendur, starfsfólk og foreldra.

1.-6. bekkur og 7.-10. bekkur

Á fundi fræðslunefndar hinn 20. janúar lagði nefndin til í umsögn sinni að bæjarráð samþykkti þá tillögu að skólanum væri skipt upp í tvo sjálfstæða skóla. Jafnframt lagði nefndin áherslu á að fulltrúar hagaðila ættu aðkomu að vinnu við framkvæmd skiptingarinnar.

Í skólaráði Varmárskóla var úttektin kynnt á fundi 19. janúar og umsögn barst 27. janúar. Fulltrúar í skólaráði veittu sín viðbrögð að höfðu samráð við þá sem þeir eru fulltrúar fyrir en fulltrúar foreldrafélagsins náðu ekki að fá viðbrögð innan þess tímaramma sem gefinn var.

Á grundvelli samantektar á niðurstöðu úttektaraðila, kynningum og umsögnum var samþykkt á fundi bæjarráðs hinn 4. febrúar að Varmárskóla yrði skipt upp í tvo skóla, annars vegar grunnskóla fyrir 1.-6. bekk og hins vegar grunnskóla fyrir 7.-10. bekk frá og með 1. ágúst 2021.

KIRKJUSTARFIÐ



WWW.LAGAFELLSKIRKJA.IS

HELGIHALD NÆSTU VIKNA

Fermingar í Lágafellssókn hefjast sunnudaginn 21. mars og alls verður fermt í 18 guðsþjónustum til loka maí. Í þeim guðsþjónustum verður helgihaldið ekki auglýst vegna fjöldatakmarkana fyrir gesti fermingarbarna.

Prestar, starfsfólk og sóknarnefnd Lágafellssóknar óskar öllum fermingarbörnum innilega til hamingju með tímamótin. Megi Guð og gæfan ykkur geyma út í lífið.

Sunnudagur 14. mars

Guðsþjónusta kl. 11 í Lágafellskirkju. Sr. Arndís.

Sunnudagaskóli kl. 13 í Lágafellskirkju. Umsjón: Bogi, Petrína og Þórður.

Safnaðarheimilis-sunnudagaskólar

Sunnudagana 21. og 28. mars verður sunnudagaskólinn kl. 13 í safnaðarheimili Lágafellssóknar, Þverholti 3, 2. hæð. Önnur staðsetning – sama fjörið!

Foreldramorgnar hefjast á ný!

Fimmtudaginn 18. mars kl. 10–12 hefjast aftur foreldramorgnar í safnaðarheimilinu okkar, 2. hæð. Dagskrá: Skyndihjálparbarna. Gestur: Guðmundur Ingi.

Fimmtudaginn 25. mars kl. 10–12: Opið hús í safnaðarheimilinu. Foreldrar með kríli og krútt eru velkomnir! Umsjón: Rut djákni.

Ungmennakórinn Fermata

Kór fyrir ungt fólk 14–30 ára. Kórinn æfir á þriðjudögum kl. 18–19:30 í safnaðarheimilinu. Umsjón: Þórður organisti, Hákon og Petrína. Nýir kórmeðlimir velkomnir!

PLUG INTO MORE
ADVENTURE

THE 2021 WRANGLER
4xe



*VERÐ MIÐAÐST VIÐ GENGI USD 128

GOÐSÖGNIN RAFMÖGNUM

ALVÖRU JEEPI MEÐ 100% DRIFLÆSINGUM Á VERÐI SEM Á
SÉR ENGAN SAMANBURÐ OG NÚ 374HÖ/637NM

NÝR WRANGLER RUBICON 4xe PLUG-IN-HYBRID


VERÐ FRÁ KR. 9.490.000*

LAUNCH EDITION KR. 10.490.000*

35"-40" ÍSBAND BREYTINGAPAKKAR Í BODI FRÁ KR. 300.000

TRYGGIÐ YKKUR BÍL Í FORSÖLU. VÆNTANLEGUR Í BYRJUN SUMARS.

Mikil tilhlökkun að flytja í nútímalegri heilsugæslustöð í Sunnukrika



Heilsugæsla Mosfellsumdæmis vinnur nú að því að flytja starfsemi sína úr Kjarnanum í Sunnukrika 3 og er ráðgert að opna á nýjum stað mánudaginn 29. mars. Síðar í apríl verður svo formlegri opnun með hátíðarbrag.

„Þetta verður algjör bylting á starfsaðstöðunni fyrir okkur,“ segir Dagný Hængsdóttir svæðisstjóri Heilsugæslu Mosfellsumdæmis. „Húsnæðið býður upp á tækifæri til að vinna betur í teymisvinnu og stöðin er hönnuð með það í huga að nánara samstarf verði milli hjúkrunarfræðinga og lækna.“

Plássíð farið að há starfsemi

„Þetta verður mikil breyting fyrir starfsfólkið en ekki síður fyrir þá sem nýta sér þjónustuna,“ bætir Hörður Ólafsson við en hann er fagstjóri lækninga. Þjónustan verður betri og vinnuaðstaðan gjörbreytt. Þar af leiðandi getum við breytt öllu verklagi og bætt við fleira fólki eftir þörfum.“

Nýja heilsugæslustöðin er hugsuð til framtíðar með pláss til að geta vaxið enn frekar í takt við bæjarfélagið. Plássleysið var farið að há starfsemi í Kjarna. Gert er ráð fyrir að lágmarki 10 læknum og vonast er til þess að nýja stöðin verði eftirsóttur vinnustaður og sveitarfélaginu til sóma en gert er ráð fyrir að hægt verði að sinna 12–15 þúsund manns.

Staðan batnað að undanförunu

„Því er ekki að leynd að við höfum verið undirmönnuð af læknum en staðan hefur batnað mjög að undanförunu þótt við séum ekki alveg orðin fullmönnuð,“ segir Dagný og bætir við að flutningar á nýjan stað með bættri aðstöðu muni hjálpa þar mikið til.



„Við vorum að bæta við síðdegisvakt á föstudögum þannig að hún er nú starfrækt alla virka daga kl. 16-17. Á morgnana erum við með stutta hraðvakt kl. 8:00-9:30 með svipuðu fyrirkomulagi. Þá erum við einnig með skyndimóttöku allan daginn og fólk getur alltaf komið ef nauðsyn krefur. Einnig erum við með öflugra símaþjónustu og svo getur fólk auðvitað pantað sér tíma ef þannig ber undir.“

Flottasta heilsugæslan á landinu

Heilsugæslan hefur verið starfrækt í Kjarnanum í um 20 ár, frá því íbúafjöldi var um 5.000, þar til nú þegar bæjarbúar eru að verða 13.000. Það er því ljóst að húsnæðið sem nú þjónar umdæminu, 700 m², er löngu sprungið.

Nýja stöðin verður hinsvegar 1.220 m² og mun gjörbylta allri aðstöðu. „Það er ekki hægt að líkja þessu saman. Stöðin verður öll nútímalegri og vinnuaðstaða fyrir starfsfólk og aðkoma fyrir skjólstæðinga verður allt önnur. Þetta verður flottasta heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu og líklega á landinu og það er mikil tilhlökkun í okkar herbúðum,“ segir Dagný Hængsdóttir svæðisstjóri Heilsugæslu Mosfellsumdæmis sem þjónar fyrst og fremst Mosfellsbæ, Kjalarnesi og Kjósarhreppi, en allir eru velkomnir á stöðina.

Í sama húsi í Sunnukrika 2 mun opna apótek og önnur heilsutengd þjónusta, Nettó, kjötbúð og þá verða einnig íbúðir fyrir 60 ára og eldri í turninum.



**Kæri Mosfellingur,
ég get bætt við mig eignum í sölu!
Ánægjuleg fasteignaviðskipti – það skiptir máli!**

- Fasteignaráðgjöf og frítt verðmat þér að kostnaðarlausu og án skuldbindinga
- Hafðu samband ef þú eða einhver sem þú þekkir er í fasteignahugleiðingum
- Ég veiti framúrskarandi þjónustu sem skilar árangri

612 2277

Ingimar Óskar Másson – Það er best að búa í Mosó!
Löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali
ingimar@helgafellfasteignasala.is





BAUHAUS®

FALLEG GÆÐA HÖNNUN FYRIR BAÐHERBERGIÐ ÞITT



25%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM FRÁ LAUFEN

ALLT INN Á BAÐHERBERGIÐ FRÁ LAUFEN - OG FULLKOMNAÐU
BAÐHERBERGIÐ MEÐ KARTELL AUKAHLUTUM!


MIÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ

TILBOÐIÐ GILDIR FRÁ MIÐVIKUDEGINUM 3. MARS TIL OG MEÐ MIÐVIKUDEGINUM 24. MARS



LAUFEN

Skannið QR kóðann með
símanum og sjáið nýjasta
LAUFEN bæklinginn!




VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18

Með fyrirvara um myndbrenslu, prentvillur, mistök hjá birgjum og uppseldar vörur. Verð er með vsk.
Tilboðið gildir frá miðvikudeginum 3. mars til og með 24. mars, meðan birgðir endast.

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2-4 - 113 Reykjavík - 515-0800

upplýsingar@bauhaus.is - www.bauhaus.is

badland@bauhaus.is



Norðurljósadans í miðbænum

Norðurljós og jarðskjálftar eru meðal þess sem Mosfellingar hafa talsvert orðið varir við að undanfögnu. Hér má sjá norðurljósinn dansa yfir Mosfellsbæ á dögunum. Þessa skemmtilegu mynd tók Ólafur Már Gunnlaugsson.

**FLOTLAGNIR
GÓLFVIÐGERÐIR
DÚKLÖGN
VÍNYL PARKET**

SÍMI 896 9604

SIGGI DÚKARI

Við höfum yfir 30 ára reynslu í
gólfdiðgerðum, flotlögnum, gólfögnum
og lökkun gólfa.

siggi@murefni.is
896 9604

ELDRI BORGARAR • ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐIN EIRHÖMRUM • FRAM UNÐAN Í STARFINU



Félagsstarfið Hlaðhömrum 2 er komið með nýjan og lengri opnunartíma og er framvegis opið á eftirfarandi tímum:

Mánudagar 11:00 - 16:00.
Þriðjudagar 11:00 - 16:00.
Miðvikudagar 11:00 - 16:00.
Fimmtudagar 11:00 - 16:00.
Föstudagar 13:00 - 16:00.

Handavinnuleiðbeinandi verður á staðnum alla daga nema föstudaga. Opnunartími gæti breyst þegar sumarfrí starfsmanna verða. Bestu kveðjur, starfsmenn félagsstarfs Mosfellsbæjar

OPNUN

myndlistarsýningar

Nemendur á listmálun-arnámskeiði í félagsstarfi eldri borgara munu halda sýningu á verkum sínum í anddyri íþróttamiðstöðvarinnar að Lágafelli. Sýningin verður opnuð föstudaginn 26. mars kl. 18:00 og mun standa út aprílmánuð. Allir hjartanlega velkomnir.



NÝR OPNUNARTÍMI Í FÉLAGS-STARFINU, LENGRI OPNUN

BASAR aðstoð!!!

Okkur í basarhópnum vantar alltaf fleira fólk til að að þrjóna eða hekla fyrir okkur. Værum við afar þakklát ef þið sæjuð ykkur fært að þrjóna eða hekla fyrir okkur, í raun hvað sem er. Barnateppi, peysur, vettlinga eða sokka, við þiggjum allt. Allt garn getið þið fengið í handverksstofu



ókeypis en að sjálfsgöðu þiggjum við alla muni enda málefnið brýnt, því allur ágóður rennur óskiptur til samfélagsins í Mosfellsbæ og

fer ágóðinn á góða staði. Hafðið endilega samband við okkur í félagsstafinu í síma 586-8014 eða á elvab@mos.is.

Kærleikskveðja, Basarnefndin



FaMos félagar!

Nú byrjum við starfseminu aftur eftir langt hlé. Við byrjum með **púttíma** í gólfskálanum, neðri hæð, á mánudögum frá kl. 11.00–12.00.

Dansleikfimin er byrjuð á miðvikudögum kl. 14.15 í íþróttahúsinu að Varmá.

Boccia er í íþróttahúsinu að Varmá miðvikudaga kl. 11.30.

Ringó er þriðjudaga kl. 12.30 og verður líka fimmtudaga kl. 11.30.



Gönguhópur er byrjaður á miðvikudögum kl. 13.00 frá íþróttamiðstöðinni að Varmá (frá Fellinu). Flest allir geta verið með, farið er bæði styttri og lengri göngur, en aldrei lengur en eina klukkustund.

Nýir félagar velkomnir.
Íþróttanefnd FaMos



Skrifstofa félagsstarfsins er opin alla virka daga kl. 13–16. Sími félagsstarfsins er 586-8014. Forstöðumaður félagsstarfs eldri borgara í Mosfellsbæ er *Elva Björg Pálsdóttir* tómstunda- og félagsmálafræðingur, s: 698-0090.

Skrifstofa FaMos á Eirhömrum er opin alla fimmtudaga frá kl. 15–16.



FÉLAG ALDRAÐRA
í Mosfellsbæ og nágrenni
famos@famos.is
www.famos.is

STJÓRN FAMOS

Ingólfur Hrólfsson formaður
s. 855 2085 ihhj@simnet.is

Úlfhildur Geirsdóttir varaformaður
s. 896 5700 bruarholl@simnet.is

Margrét Ólafsdóttir gjaldkeri
s. 863 3359 margretjako@gmail.com

Snjólaug Sigurðardóttir ritari
s. 897 4734 snjolaugsig@simnet.is

Kristbjörg Steingrimsdóttir meðstjórnandi
s. 898 3947 krist2910@gmail.com

Jóhanna B. Magnúsdóttir 1. varamaður
s. 899 0378 hanna@smart.is

Bragi Bergmann Steingrímsson
2. varamaður bbergman@hive.is

HVERNIG GERUM VIÐ GÓÐAN BÆ BETRI?

Ert þú með hugmynd að skemmtilegri nýjung eða eitthvað sem betur mætti fara í bænum okkar? **Okkar Mosó** er samráðsverkefni íbúa og bæjarins um forgangsröðun og úthlutun fjármagns til smærri nýframkvæmda- og viðhaldsverkefna í Mosfellsbæ.

Óskað er eftir snjöllum hugmyndum og tillögum frá íbúum til að kjósa um í íbúakosningu. **Taktu þátt og sendu inn þína hugmynd á mos.is/okkarmoso dagana 11. mars-6. apríl.**



OKKAR MOSÓ
ÍBÚAKOSNING 2021


HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Mosfellsbær



Við stækkum fermingar- gjöfina þína

Við leggjum til allt að **12.000** króna mótframlag þegar fermingarbörn leggja inn á Framtíðargrunn og í verðbréfasjóð. Það borgar sig að spara til framtíðar. Velkomin í Landsbankann.

LANDSBANKINN.IS



MOSFELLSBÆR

Innritun í grunnskóla Mosfellsbæjar

Innritun í grunnskóla Mosfellsbæjar fyrir skólaárið **2021-2022** fer fram í gegnum Íbúagátt Mosfellsbæjar.

Innritun 6 ára barna sem hefja grunnskólagöngu haustið **2021** fer fram frá **8. mars til 26. mars**.

Skráning í frístund og mótuneyti 6 ára barna sem og nýrra nemenda vegna skólaársins 2021-2022 verður auglýst sérstaklega síðar.

Innritun skólaskyldra barna og unglinga sem flytjast til Mosfellsbæjar skal vera lokið 1. apríl. Innritun barna og unglinga með lögheimili í Mosfellsbæ, sem óska eftir að sækja grunnskóla í öðrum sveitarfélögum utan lögheimilis, skulu berast í gegnum Íbúagátt Mosfellsbæjar fyrir 1. apríl.

Umsóknir fyrir skólavist utan lögheimilis endurnýjast ekki sjálfkrafa. Mikilvægt er að umsækjendur kynni sér reglur um skólavist utan lögheimilis á vef Mosfellsbæjar.

Nánari upplýsingar og aðstoð varðandi innritun í grunnskóla Mosfellsbæjar veita grunnskólarnir. Þau sem óska eftir aðstoð og leiðbeiningum vegna Íbúagáttarinnar geta snúið sér til Þjónustuværs Mosfellsbæjar.

Fræðslu- og frístundasvið Mosfellsbæjar



Þverholt 2 | Mosfellsbær 270 | Sími 525 6700 | mos.is




F A S T E I G N A S A L A

LEITUM AÐ STARFSMANNI

Vegna aukinna umsvifa og opnun starfsstöðvar í Mosfellsbæ

ALLT fasteignasala leitar eftir starfsmanni til sölu og þjónustustarfa.

Umsækjandi þarf að vera löggiltur fasteignasali.

Kostur ef starfsmaður býr í Mosfellsbæ.

Leitað er að aðila sem er sjálfstæður í störfum og hefur metnað til starfa, er nýungagjarn og ósérhlífinn.

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á kristinn@allt.is fyrir 19.mars. Kristinn Sigurbjörnsson veitir nánari upplýsingar í síma 560 5502

Fullum trúnaði er heitið.


F A S T E I G N A S A L A

ALLT fasteignasala er staðsett á fjórum stöðum á Íslandi. Í Reykjavík, Reykjanesbæ, Vestmannaeyjum og Grindavík ásamt því að reka Sólareignir sem er sala á eignum erlendis.

Starfsmenn félagsins eru um 15. Fasteignasalan leggur metnað sinn í að koma á mótis við neytandann ásamt því að vera hágæða fasteignasala.



MOSFELLSBÆR

Deiliskipulagsbreyting í Bjarkarholti



Mosfellsbær auglýsir hér með breytingu á deiliskipulagi miðbæjarins við Bjarkarholt, skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Boðið verður upp á rafrænan kynningarfund skv. gr. 5.6.1. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Tillaga að breyttu deiliskipulagi nær utan um lóðir Bjarkarholts 4-5. Breytingin sýnir uppbyggingu þjónustuíbúða aldraða í tengslum við Eir að Hlaðhömrum. Ný hús eru 4-5 hæðir og tengjast nálægri starfsemi með göngubrúm. Hluti breytingar er heimild til þess að byggja eina hæð ofan á þjónustubyggingu við Hlaðhamra 2. Nýju húsin standa á bílakjallara sem hefur aðkomu sína frá Langatanga, gestastæði hafa tengingu um Bjarkarholt. Skipulag gefur heimild fyrir 108 litlum íbúðum. Uppbrot og ásýnd eru í samræmi við önnur hús í götunni. Breytingin er sett fram á tveimur uppdráttum.

Miðvikudaginn 17. mars n.k. verður boðið upp á rafrænan kynningarfund. Hlekkur verður aðgengilegur samdægurs á vef Mosfellsbæjar, mos.is. Fundur verður frá kl. 17:00-18:00 og streymt í beinni. Hægt er að senda spurningar fyrir fram á skipulag@mos.is, eða á meðan kynningu stendur. Guðjón Magnússon, arkitekt og hönnuður skipulags, kynni breytinguna.

Uppdrættir verða aðgengilegir á vef Mosfellsbæjar, mos.is/skipulagsauglysing, en einnig á Upplýsingatorgi, Þverholti 2. Þeir sem vilja geta kynnt sér tillöguna og gert við hana athugasemdir, aðrir teljast samþykkir. Athugasemdir skulu vera skriflegar, ásamt helstu upplýsingum um sendanda, og þær skulu merktar skipulagsnefnd Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 270 Mosfellsbær, eða berast í tölvupósti á skipulag@mos.is.

Athugasemdafrestur er frá 11. mars til og með 26. apríl 2021.

Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar

Þverholt 2 | Mosfellsbær 270 | Sími 525 6700 | mos.is



FLOTTIR FÉLAGAR

Öskudeginum var fagnað víða þrátt fyrir takmarkanir. Þessir félagar fóru á milli fyrirtækja.



Davíð Ólafsson lög. fast.
david@fastborg.is

ÉG GEF MÉR TÍMA FYRIR ÞIG!

- fagleg og persónuleg þjónusta
HRINGDU Í 897-1533

B O R G
FASTEIGNASALA

SKIPTIMARKAÐUR

Skiptimarkaður okkar með barnaföt er komin í gang aftur.

**Á miðvikudögum frá 16-18
í Þverholti 7, Mosfellsbæ.**

Hreinsum úr skápunum og finnum flíkur sem passa á börnin í staðinn. Allir vinna! Sjáumst þar!



Rauði krossinn
höfuðborgarsvæðinu



MOSFELLSBÆR

Laus störf í Mosfellsbæ

Mosfellsbær hefur tekið í gagnid nýjan ráðningarvef.

Öll laus störf hjá Mosfellsbæ og stofnunum má sjá og sækja um á nýjum ráðningarvef:

www.mos.is/storf

Þverholt 2 | Mosfellsbær 270 | Sími 525 6700 | mos.is



TRÍÓ

— MÁNAÐARINS —

→ EIN STÓR PIZZA ←

1.840 KR.


AÐEINS EF ÞÚ PANTAR Á NETINU EÐA MEÐ APPINU, GREIÐIR FYRIR FRAM OG SÆKIR



PANTAÐ Á
NETINU EÐA
MEÐ APPINU OG
GREITT FYRIR FRAM

3

ÞRÍJÁR PIZZUR AF
MATSÉDLI Á SJÓÐ-
HEITU TILBOÐSVERÐI
Í HVERJUM MÁNUÐI



DOMINOS.IS | DOMINO'S APP

STÓR PIZZA-

Öll verkefni komin til framkvæmda



KÓSÝ KJARNI



ÆRSLABELGUR



SKILTÍ Í ÁLAFOSSKVOS

Framkvæmd allra verkefna í lýðræðisverkefninu Okkar Mosó sem stóð yfir frá 2019-2020 er nú lokið.

Verkefnin byggjast á samráðsverkefni íbúa og bæjarins um forgangsröðun og útlutun fjármagns til smærri nýframkvæmda og viðhaldsverkefna í Mosfellsbæ.

Þau byggjast á hugmyndum um umræðulýðræði, þáttökulýðræði og þáttökufjárhagsáætlunargerð og felur í sér að virkja almenning til þátttöku í lýðræðislegri umræðu og ákvarðanatöku, umfram það sem gerist í hefðbundnu fulltrúalýðræði.

Tveggja ára framkvæmdatími

Fram komu 103 fjölbreyttar hugmyndir og voru 30 verkefni valin og útfærð til kosningar fyrir íbúa. Alls voru 6.685 atkvæði greidd, sem er um 19,1% þátttaka sem var mesta þátttaka í sambærilegu verkefni héraðsins.

Við úrvinnslu hugmynda var leitast við að tryggja að verkefni sem kosid var um væru landfræðilega dreifð innan sveitarfélagsins, væru raunhæf í útfærslu og samræmdust skipulagi bæjarins.

Hugmyndirnar gátu varðað leik- og afþreyingarsvæði íbúa, göngustíga, miðbæj-

arsvæði eða umhverfið almennt.

Úthlutað var 35 milljónum króna í verkefni á tveggja ára framkvæmdatíma þeirra hugmynda sem fengu brautargengi.

Nánar um framkvæmd verkefnanna:

Saga Álafossverksmiðjunnar

Talsverðar umbætur hafa orðið á Álafosskvos og nágrenni á undanföllum árum, með uppbyggingu göngustíga, áningarsvæða og lagfæringum á umhverfi svæðisins. Álafossverksmiðjan á ríkan þátt í sögu svæðisins og til að fræða íbúa og gesti um merkilega sögu verksmiðjunnar var sett upp fræðsluskilti sem segir frá stofnun hennar og rekstri allt frá upphafi um 1896 og til dagsins í dag.

Ærslabelgur á Stekkjarflöt

Með uppsetningu á ærslabelg á Stekkjarflöt er útvistarsvæðið við Álafosskvos orðið eitt það skemmtilegasta í bænum, en þar er einnig að finna fleiri leiktæki, strandblakvöll og útigripl.

Kósý Kjarni

Sett hefur verið upp hugguleg aðstaða fyrir gesti og gangandi í Kjarna, sem hyggj-

ast heimsækja bæjarskrifstofur Mosfellsbæjar, bókasafn eða aðra þjónustu sem þar er að finna. Svæðið er tilvalið til að setjast niður með góða bók eða bara til að hvíla lúin bein í fallegu umhverfi.

Merkingar á toppum bæjarfella

Fellin í kringum Mosfellsbæ eru vinsæl til útvistar og ánægju, enda hefur bærinn í samstarfi við Skátafélagið Mosverja staðið fyrir stikun gönguleiða á fellin, ásamt gerð fræðsluskilta, upplýsingaskilta, vegvísa, bílastæða o.fl.

Nú hafa einnig verið settar upp merkingar á toppum helstu fellanna þar sem sjá má nafn þeirra, hæð og hnitastaðsetningu. Þessar merkingar hafa skipað stóran sess í Tindaáskorun Mosverja sem hefur staðið yfir í allan vetur, við miklar vinsældir.

Almenn ánægja hefur ríkt með framkvæmd verkefnisins Okkar Mosó og því hefur verið ákveðið að fara af stað með Okkar Mosó í þriðja sinn á árinu 2021-2022. Það er því um að gera að byrja að líta í kringum sig og velta fyrir sér nýjum hugmyndum að nýjum verkefnum til að gera bæinn okkar enn betri.

11 VERKEFNI KOSIN SÍÐAST

- » **Álafosskvos** – lýsing á malarstíg frá Álafosskvos að Stekkjarflöt.
- » **Betri lýsing á göngustíg** – milli Hulduhlíðar 30 og 32.
- » **Flokkunarruslafötur** – á þremur stöðum við göngustíg við Varmá neðan Helgafellshverfis.
- » **Saga Álafossverksmiðjunnar** – uppsetning á fræðsluskilti í Álafosskvos.
- » **Ærslabelgur** – settur upp á Stekkjarflöt.
- » **Kósý Kjarni** – uppsetning á notalegu kaffihorni umkringdu lifandi plöntum.
- » **Leiktæki fyrir yngstu börnin** – ungbarnarólur á leikvöllum við Hagaland og Leirvogstungu.
- » **Merkingar á toppum bæjarfella** – skilti sem sýna nafn fjalls, hæð og GPS staðsetningu.
- » **Miðbæjartorgið, gera torgið skemmtilegt fyrir bæjarbúa** – uppsetning á leiktækjum.
- » **Skiða- og brettaleiksvæði í Ullarnesbrekku** – sett upp nálægt Varmáarskóla.
- » **Hvildarbekkir og lýsing** – meðfram göngustíg við Varmá neðan Helgafellshverfis.

GERUM TILBOÐ AÐ KOSTNAÐARLAUSU



ERUM AÐ
TAKA NIÐUR
PANTANIR
FYRIR
SUMARIÐ

- NÝSMÍÐI
- VIÐHALD
- BREYTINGAR
- GLUGGAR OG GLER
- PALLASMÍÐI
- ÞAKVIÐGERÐIR
- OG MARGT FLEIRA



Löggiltur húsasmíðameistari
og byggingastjóri
SÍMI 766 7876 • ORSMIDI@ORMIDI.IS



Sumarstörf hjá Mosfellsbæ

MOSFELLSBÆR AUGLÝSIR LAUS SUMARSTÖRF TIL UMSÓKNAR

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 25. MARS 2021

Nánari upplýsingar um störfina er að finna á ráðningarvef Mosfellsbæjar.

Sótt er um störfina á ráðningarvef Mosfellsbæjar. Þeir ganga fyrir um sumarstörf sem eiga lögheimili í Mosfellsbæ.

- Yfirflokksstjóri í Vinnuskóla Mosfellsbæjar (lágmarksaldur 23 ára á árinu)
- Flokksstjóri í Vinnuskóla Mosfellsbæjar (lágmarksaldur 20 ára á árinu)
 - Aðstoðarflokksstjóri í Vinnuskóla (18- 20 ára)
- Flokksstjóri í Þjónustustöð / garðyrkjudeild (lágmarksaldur 20 ára á árinu)
- Almenn störf í Þjónustustöð / garðyrkjudeild (lágmarksaldur 17 ára á árinu)
- Þjónustustörf og sundlaugargæsla íþróttamiðstöðvum (lágmarksaldur 20 ára á árinu)
 - Starf í íþrótt- og tómstundaskóla Mosfellsbæjar (lágmarksaldur 17 ára á árinu)
- Yfirumsjón með sumarstarfi fyrir fötluð börn og ungmenni (lágmarksaldur 23 ára á árinu)
 - Aðstoð við fötluð börn og ungmenni (lágmarksaldur 18 ára á árinu)
 - Almenn störf fyrir ungmenni sem þurfa stuðning

**UMSÓKNAR-
FRESTUR ER
TIL 25. MARS**

Vinsamlegast athugið að ekki verður tekið við umsóknum sem að berast eftir þann tíma. Þeir sem sækja um en fá ekki starf í fyrstu umferð fara sjálfkrafa á biðlista eftir sumarstarfi.

Öllum umsóknum sem skilað er innan tilskilins umsóknafrests verður svarað fyrir 20. apríl 2021.

Nánari upplýsingar er að finna á ráðningarvef Mosfellsbæjar (www.mos.is/storf).

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags Mosfellsbæjar og Sambands íslenskra sveitarfélaga.



MOSFELLSBÆR

Aðalfundur svæðisfélags VG í Mosfellsbæ

22. mars kl. 20.00

Blik Bistro

Á dagskrá fundarins eru hefðbundin aðalfundarstörf, kosning nýrrar stjórnar og landsfundarfulltrúa sem og almennar stjórn málaumræður.

Hvetjum við alla félagsmenn til að mæta og taka þátt í öflugu starfi VG í Mosfellsbæ.

Páskaglaðningur

Handboltastelpurnar í meistaraflokki Aftureldingar verða með sölu á páskaglaðningum

Páskaglaðningur 1

Páskagreinar - 2.000 kr.
Páskaliljur 7 stk. - 2.000 kr.
Páskatúlípanar 7 stk. - 2.000 kr.

Páskaglaðningur 2

Tvö búnt að eigin vali - 3.500 kr.

Páskaglaðningur 3

Þrjú búnt að eigin vali - 5.000 kr.



Pantanir á paskarumfa@gmail.com
Glaðningarnir verða keyrðir út þriðjudaginn 30. mars



8. BEKKUR
9. BEKKUR
10. BEKKUR

Vinnuskóli Mosfellsbæjar

Opnað verður fyrir umsóknir 18. mars

Vinnuskóli Mosfellsbæjar er fyrir ungt fólk fætt á árunum 2005-2007.

Nánari upplýsingar verður að finna á www.mos.is



MOSFELLSBÆR

FMOS

Framhaldsskólinn
í Mosfellsbæ

Opíð hús

FYRIR GRUNNSKÓLANEMENDUR OG FORELDRA/FORRÁÐAMENN ÞEIRRA

miðvikudaginn 17. mars frá 17:00-18:30

Kennarar og nemendur verða á staðnum og hægt verður að fá upplýsingar um kennsluhætti, skipulag námsins, brautir, skólaandann og fleira.

Brautir sem eru í boði:

- Félags- og hugvísindabraut
- Náttúruvísindabraut
- Opin stúdentsbraut
 - Almenn kjörsvið
 - Hestakjörsvið
 - Íþrótt- og lýðheilsukjörsvið
- Framhaldsskólabró
- Sérnámsbraut



www.fmos.is



Eyþór gefur út þátt með Verslingum • Grín og tónlist Slær í gegn í 12:00

Mosfellingurinn Eyþór Wöhler tók þátt í gerð þátta hjá 12:00 sem kom núna nýverið út. Þátturinn inniheldur grínsketsa og þrjú lög en 12:00 er fréttá- og skemmtiþáttur nemenda við Verzlunarskóla Íslands.

Þess má til gamans geta að í þættinum koma fyrir landsþekktir einstaklingar sem vakið hafa mikla athygli t.d. Hjálmar Örn Jóhannsson, Hannes Þór Halldórsson,

Hjörvar Hafliða, Haffi Haff, Ívar Guðmundsson og Arnar Grant.

Eyþór segir að það hafi verið mikill undirbúningur fyrir þáttinn og er hann gríðarlega ánægðir með útkomuna. Þátturinn og löggin hafa hlotið einróma lof meðal gagnrýnenda.

Hægt er að fletta þættinum upp á YouTube.

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Samfylkingarinnar í Mosfellsbæ
verður haldinn fimmtudaginn 18. mars 2021.
Fundurinn verður haldinn í Þverholti 3 og hefst kl. 20.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt lögum félagsins.

Gestur fundarins og ræðumaður verður Guðmundur Andri Thorsson alþingismaður og oddviti Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi.

Félagsmenn fjölmennið.
Stjórnin.



Samfylkingin
Mosfellsbæ

TIL SÖLU



SPÓAHÖFÐI 20

Fjölskylduhús með stórkostlegu útsýni. 4 svefnherbergi, 2 baðherbergi. Pallur með heitum potti. Aukaíbúð á neðri hæð tilvalin til útleigu. Samtals 240 fm.

Upplýsingar í síma 856-4481.

Verð: 97 m.



MOSFELLSBÆR

Klörusjóður

Nýsköpunar- og þróunarsjóður skóla- og frístundastarfs í Mosfellsbæ

Markmið Klörusjóðs er að stuðla að framþróun á skóla- og frístundastarfi í Mosfellsbæ. Sjóðurinn er ætlaður til að styrkja verkefni sem unnin eru í einstökum skóla eða í samstarfi á milli skóla. Heildar framlag til sjóðsins árið 2021 eru tvær milljónir og í ár er áherslan lögð á fjölbreytta kennsluhætti.

Hægt er að sækja um í sjóðinn á Íbúagátt Mosfellsbæjar til 15. apríl.

Samkvæmt reglum sjóðsins er úthlutað einu sinni á ári.

Allar upplýsingar um reglur Klörusjóðs má finna á vef Mosfellsbæjar, mos.is/klorusjodur.

Nafn sjóðsins er Klörusjóður, til heiðurs Klöru Klængsdóttur (1920-2011). Klara útskrifaðist frá Kennaraskóla Íslands árið 1939 og hóf sama ár kennslu við Brúarlandsskóla. Hún starfaði alla sína starfsævi sem kennari í Mosfellsbæ.



BOLTINN Í BEINNI OG GEGGJAÐIR VIÐBURÐIR Í HVERRI VIKU

HÆ HÆ PUB QUIZ – SING ALONG MEÐ GUÐRÚNU ÁRNÝ – HJÖBBQUIZ MEÐ HJÖRVARI
NEI. HÆTTU NÚ ALVEG MEÐ VILLA NAGLBÍT – RISABINGÓ SVEPPA KRULL

FYLGSTU MEÐ DAGSKRÁNNI Á [FACEBOOK.COM/KEILUHOLLIN](https://www.facebook.com/keiluhollin)

PANTAÐU BORÐ Á KEILUHOLLIN@KEILUHOLLIN.IS

keiluhollin.is

Keiluhöllin
EGILSHÖLL

s. 5 11 53 00

BOLTATILBOÐ Í GANGI Á ÖLLUM LEIKJUM Í BEINNI

12" PIZZA MEÐ TVEIMUR ÁLEGGJUM 1.990 KR. EDLAN MEÐ NACHOS 1.890 KR. BONELESS WINGS 10-12 STK. (FER EFTIR STÆRÐ) 2.490 KR. KJÚKLINGAVÆNGIR 20 STK. KRISPÝ EDA HEFDBUNDNIR 2.490 KR. STÓR Á KRANA 990 KR. GOS MEÐ ÁFYLLINGU 290 KR.

HEIMTÖKUTILBOÐ SHAKE&PIZZA

3 FYRIR 2 AF ÖLLUM PIZZUM OG SHAKE-UM AF MATSEÐLI



– BORGAR EKKI FYRIR ÓDÝRUSTU PIZZUNA

Pantaðu á
[shakepizza.is](https://www.shakepizza.is)
eða í síma
5 17 18 19



GILDIR EKKI AF ÁFENGUM SHAKE-UM

TILBOÐ MÁNAÐARINS



PIZZA MÁNAÐARINS

Lilla sýsla Þrángsallysgrunnur

DÖBLUSULTU PIZZAN



EIN PIZZA & SVO ÖNNUR Á 1.000 KR.

KAUPIR PIZZU AF MATSEÐLI OG BÆTIR VIÐ ANNARRI Á 1.000 KR. – BORGAR FYRIR DÝRARI PIZZUNA

FRAM UNÐAN Á BARION



Enski boltinn alltaf í beinni - fylgstu með á Facebook og Instagram



— 13. MARS SVENNI ÞÓR Á BARION

Tónlistarmaðurinn Svenni Þór skemmtir á Barion laugardagskvöldið 13. febrúar. Lifandi tónlist og frítt inn! Söngvari hljómsveitarinnar Nýju fötin keisarans mætir með gítarinn. Er ég tilbúinn að elska?



— 18. MARS KAHOOT PUBQUIZ MEÐ STEINDA JR.

Spurningakeppni með Mosfellingnum Steinda Jr. sem slegið hefur í gegn. Þú svarar í símanum þínum og úrslitin birtast jafnóðum á risaskjáum. Hægt er að tryggja sér sæti á Barion.is (1.000 kr.) Takmarkaður fjöldi.



— 21. MARS PÁSKABINGÓ FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

Loksins BINGÓ með krökkunum sunnudaginn 21. mars kl. 14:00. Páskaegg í massavís og rafhlaupahjól frá Ellingsen í vinning. Hægt er að tryggja sér sæti á Barion.is. Spjaldið kostar 1.000 kr.



— 26. MARS HÓPAKARÓKÍ MEÐ SIGGU KLING

Ógleymanleg kvöldstund með spákonunni og gleðigjafanum Siggú Kling. Þú situr við borðið þitt, við spilum lagið og allur salurinn syngur með. Hægt er að tryggja sér sæti á Barion.is (1.000 kr.) Takmarkaður fjöldi.



— 31. MARS PÁSKABINGÓ FULLORÐNA FÓLKSINS

Fullorðins-BINGÓ miðvikudaginn 31. mars með stórglæsilegum vinningum. Bingóstjóri er Mosfellingurinn Hilmar Gunnarsson og hefst veislan kl. 21:00. Hægt er að panta sæti með því að kaupa tvö spjöld í forsölu á Barion.is

  BARION_MOSO

BARION Kahoot! PUBQUIZ

FIMMTUDAGSKVÖLDIÐ 18. MARS KL. 21:00
TRYGGÐU ÞÉR SÆTI Á BARION.IS (1.000 KR.)

TAKMARKAÐUR FJÖLDI
ÞÚ SVARAR Í BEINNI Á SÍMANUM ÞÍNUM
SKEMMTILEGASTA PUBQUIZ SEM ÞÚ HEFUR FARIÐ Á!

18. MARS
KL. 21.00

NÝTT
FREYÐIVÍNS
FIMMTUDAGAR

STJÓRNANDI
STEINDI JR.

PÁSKABINGÓ

FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA
SUNNUDAGINN 21. MARS KL. 14:00

**GLÆSILEGIR
VINNINGAR**

PÁSKAEGG Í MASSAVÍS
OG RAFHLAUPAHJÓLA
FRÁ RAFHJÓLASETRI
ELLINGSEN Á MEDAL
VINNINGA.

21. MARS
KL. 14:00

HÆGT ER AÐ TRYGGJA SÉR SÆTI Á BARION.IS
MEÐ ÞVÍ AÐ KAUPA SPJALD Í FORSÖLU (1.000 KR.)



Listasalur Mosfellsbæjar Myndlist í Mosó

Mikil aðsókn hefur verið á sýningu Steinunnar Marteinsdóttur, JÖKULL – JÖKULL, og nú fer hver að verða síðastur að njóta hennar.

Ákveðið hefur verið að bæta við einum sýningardegum og verður lokadagur því laugardagurinn 13. mars. Þann dag er opið kl. 12-16.

Næsti listamaður sem sýnir í Listasal Mosfellsbæjar er Haraldur Sigmundsson, myndlistarkennari í Krikaskóla. Hann mun sýna fjölbreytt verk og notast við sérstakan stíl sem hann hefur þróað og kallar þrívíddar-pointalísma. Sýningin nefnist Stingur í stúf og búast má við litríkri og kraftmikilli sýningu. Opnun verður föstudaginn 19. mars kl. 16-18. Síðasti sýningardagur er 16. apríl.



ROBLOX SMÍÐJA

Laugardaginn 13. mars kl. 13-15:30
í Bókasafni Mosfellsbæjar
fyrir 7-12 ára börn

Skema verður með Roblox smíðju í Bókasafninu þar sem þátttakendur skapa sína eigin leiki í forritunarumhverfinu Roblox Studio og fá þannig að kynnast grunnforritun á textaformi.

Skráning fer fram með því að senda póst á evadogg@mos.is. 12 pláss í boði.



Sögustund

í Bókasafni Mosfellsbæjar

Þriðjudaginn 23. mars kl. 16:45



Í fyrstu sögustund ársins ætlum við að lesa saman bókina *Stelpan sem sigldi kafbat niður í kjallara (og lenti í sápuþólki og smáninjum)* eftir Guðna Línal.

Náttfatapartý geta stundum endað með ósköpum — en fyrr má nú vera! Þegar rafmagnið fer af og hræðileg ófreskja brýst inn í húsið er það undir þrúði og vinum hennar komið að finna hundinn Jóa, kveikja ljósin og bjarga kvöldinu. En það er hægara sagt en gert ...



Öll velkomin!

Þrjónakaffi
í Bókasafni
Mosfellsbæjar

18. mars kl. 16-18

Innritun nemenda

Listaskóli Mosfellsbæjar - tónlistardeild
Innritun nemenda skólaárið 2021-2022

Nemendur, sem eru í námi við Listaskóla Mosfellsbæjar – tónlistardeild, þurfa að staðfesta áframhaldandi nám fyrir 15. apríl 2021.

Umsóknarfrestur fyrir nýja nemendur er til 15. apríl.

Nýir nemendur þurfa að sækja um skólavist í gegnum íbúagáttina á vef Mosfellsbæjar, mos.is.

Nánari upplýsingar
á heimasíðu skólans,
www.listmos.is



FJALS

HJÁLMAR GUÐMUNDSSON
LÖGGILDUR HÚSASMÍÐAMEISTARI
S: 6959922
FHSVERK@GMAIL.COM



NÝSMÍÐI
ALMENNT VIÐHALD
SÉRSMÍÐI
RÁÐGJÖF

VIÐ SÉRHÆFUM OKKUR Í TIMBURHÚSUM!
SÉRSMÍÐUM EININGAR EFTIR TEIKNINGUM
ALLT FRÁ 15FM GARÐHÚSUM Í EINBÝLI

Varmárlaug

Róleg og notaleg sveitalaug í heillandi umhverfi



HEITIR SUNNUDAGAR

21. mars - 11. apríl - 25. apríl

Á tímabilinu febrúar til mars býður sundlaugin að Varmá upp á heita sunnudaga.

Þá er hitastig sundlaugarinnar hækkað í 34-36°.

Tilvalið fyrir þá sem vilja slaka á í notalegu umhverfi,
einnig upplagt fyrir barnafjölskyldur að njóta samvista í sundi

VARMÁRLAUG

Opið virka daga kl.06:30 - 08:00 & 15:00 - 21:00

Laugardaga kl.08:00 - 17:00

Sunnudaga kl.08:00 - 16:00



MOSFELLSBÆR

Vellíðan og frelsi í heitri laug

Fyrsta og þriðja sunnudag í mánuði býður Ágústa Hjaltadóttir upp á flotviðburði fyrir konur í Varmárlaug.

Skráning fer fram á netfanginu agusta@heilogsael.is

Nánari upplýsingar um viðburðina er að finna á Facebook undir heitinu „Heil og sæl”





Íslenskar ullarsængur tilvalin fermingargjöf

Íslenskar ullarsængur, ullarkoddar,
yfirðýnur og værdarvoðir

Lopidraumur.is

Fri heimsending innanlands



LOPI



Íslenski ulli
Gæðmáli



Hringdu

ÁNÆGDUSTU VIÐSKIPTAVINIR Í NET- OG SÍMAÞJÓNUSTU ERU HJÁ HRINGDU

Skv. Meðmælakönnun MMR

Takk fyrir ánægjuna



Tilboð mánaðarins

Offer of the month

1,990.kr

Nr 1, 2 and 3 including rice

1. CHICKEN CASHEW NUTS

Chicken sauteed with cashew nuts, onion, mushrooms
Pönnusteiktur kjúklingur með cashew hnetum, lauk, sveppum.

2. OYSTER SAUCE

Pork stir-fried with oyster sauce, onion, broccoli.
Steiktur svinakjöt með lauk, spergikál í ostru sósu

3. YELLOW CURRY

Chicken with yellow curry, coconut milk, potato and onion.
Kjúklingur í gulu karry, kókósmjól, kartöflum og laukur.

4. PAD THAI

Fried rice noodles with chicken, egg and peanuts
Steiktur hrisnúðlur með kjúklingi, egg, blaðlauk og hnetum.

5. PAD THAI VEGAN

Fried rice noodles with tofu, broccoli and peanuts
Steiktur hrisnúðlur með tofu, spergikáli, blaðlauk og hnetum.

Við notum ekki MSG og auka efni

Allur matur er eldaður eftir pöntun því er enginn matur tilbúinn fyrirfram. Þar af leiðandi er alltaf allavega 10 mínútna bið eftir matnum stundum þegar mikið er að gera getur því biðin verið löng.

If you never try
You never know

Gott bragð og betri smekkur

Opnunartími : 17.00 - 20.00

Fös og Lau : 16.30 - 20.30

Mán og Þri : Lokað

www.yam.is

yamrestaurant@gmail.com



YAM

THAI FOOD RESTAURANT
KJARNA, ÞVERHOLT 2
270 Mosfellsbæ

TEL : 552 - 66 - 66

yam@yam.is



Sprenging orðið hjá Aftureldingu

Strákum fjölgar í fimleikum

Strákum hefur fjölgað til muna hjá fimleikadeild Aftureldingar veturinn 2020-2021. Í byrjun haustanna 2020 bjóst fimleikadeildin við 16 strákum sem voru fæddir 2016 og fyrr. Önnin byrjaði samkvæmt væntingum en rétt áður en Covid lokunin skall á hafði fjöldi skráninga tvöfaldast.

Þeir strákar sem hafa verið hvað lengst hjá fimleikadeildinni mynda saman hópinn KKE og voru 8 saman í liði. Þeim fjölgaði í 13 stráka og æfingahópurinn fór úr 8 strákum upp í 24 stráka.

Þetta er frábær þróun fyrir fimleikadeildina og þá stráka sem eru að finna sig í fimleikum.

Kynjaskipting næsta vetur

Fimleikadeildin hefur unnið að því að fá fleiri stráka til æfinga og svo hefur Fimleikasamband Íslands verið með verkefni sem heitir Fimleikar fyrir stráka (FFS) þar sem sterkustu fimleikastrákar landsins ferðast um Ísland með fimleikasýningu og fimleikakennslu.

Fimleikadeildin er búin að taka nokkur skref í þá átt að fá inn fleiri stráka sem felast í ráðningum á þjálfurum og uppbyggingu á æfingum. Einnig hefur deildin verið með Parkour námskeið í vetur. Á vorönn 2020 varð strákaliðið bikarmeistari sem vakti mikla athygli.



AÐ LOKINNI FIMLEIKAÆFINGU

Fimleikadeildin er að kljást við svokallað lúxusvandamál þar sem lítið er um pláss fyrir fleiri stráka. Næsta vetur ætlar fimleikadeildin að kynjaskipta öllum krökkum fæddum 2013 og fyrr, byrja þá í fyrsta skipti með karladeild sem getur tekið á móti meiri fjölda, styrkt uppbyggingu ungra drengja og gert starfið skýrara.



ÁSTA OG WIKTOR

Afturelding á bikarmóti í taekwondo

Ásta og Wiktor slógu í gegn

Helgina 13.-14. febrúar fór fram bikarmót 1 í Taekwondo. Um 150 keppendur tóku þátt í keppni í poomsae (formum) og sparring (bardaga).

Keppendur frá Aftureldingu stóðu sig mjög vel og fengu 11 gullverðlaun, 15 silfurverðlaun og 8 bronsverðlaun. Afturelding er í öðru sæti á bikarmótaröðinni með 176 stig.

Þá voru Ásta Kristbjörnsdóttir og Wiktor Sobczynski frá Aftureldingu valin kona og maður mótsins í sparring (bardaga). Ásta var að keppa í bardaga eftir smá pásu og kom inn með þvflíkum krafti. Wiktor, sem er í unglingsflokki, keppti samt sem áður í fullorðinsflokki þar sem enginn unglingur lagði í að keppa við hann. Gerði hann sér lítið fyrir og vann flokkinn með yfirburðum.



AFTURELDINGAR VÖRURNAR FÁST HJÁ OKKUR



JAKO

SPORT ÍSLANDI

NAMO EHF. - SMÍÐJUVEGI 74 (GUL GATA) - 200 KÓPAVOGI

Sími: 566 7310 - jakosport@jakosport.is - jakosport.is



Weberfloor. Level Gæða flotefni



Alhliða flotefni frá 2 - 30 mm.
Frábærir floteiginleikar og
stuttur þurrktími.

múrefni

ehf

Desjamýri 8 Mosfellsbæ
s. 4204010 - www.murefni.is



MOSFELLSBÆR

Styrkir til efnilegra ungmenna

Íþróttá- og tómstundanefnd Mosfellsbæjar auglýsir eftir umsóknum vegna úthlutunar styrkja til efnilegra ungmenna sem leggja stund á íþróttir, tómstundir eða listir yfir sumartímann.

Öll ungmenni á aldrinum 16–20 ára (f. 2001, 2002, 2003 og 2004), með lögheimili í Mosfellsbæ, sem skara fram úr og/eða hafa sýnt sérstaka hæfileika á sínu sviði geta sótt um styrkinn.

Markmið styrksins er meðal annars að gefa einstaklingum sömu tækifæri og jafnöldrum þeirra til að njóta launa frá bænum á sama tíma og þau stunda list sína, íþrótt eða tómstund yfir sumartímann. Styrkurinn er fólgin í launum frá Mosfellsbæ og greitt í samræmi við önnur sumarstörf hjá Mosfellsbæ.

Athygli er vakin á að unglíngum á aldrinum 13–15 ára (f. 2005, 2006 og 2007) sem taka þátt í til dæmis landsliðsverkefnum og/eða verkefnum fyrir félög/félagasamtök á vinnutíma vinnuskóla verður gefinn sá möguleiki að sækja formlega um leyfi á launum á þeim tíma sem að verkefnið varir. Skilyrði er að viðkomandi verði skráður í vinnu í Vinnuskóla Mosfellsbæjar og skili þar lágmarksvinnuframlagi.

Íþróttá- og tómstundanefnd Mosfellsbæjar

SKILAFRESTUR UMSÓKNA ER TIL OG MEÐ 18. MARS 2021
SÓTT ER UM RAFRÆNT Á ÍBÚAGÁTT MOSFELLSBÆJAR



Þverholt 2 | Mosfellsbær 270 | Sími 525 6700 | mos.is

STEINA EYJAN



BIRKIR OG EYÞÓR

VIÐTAL

við undrabarnið

ÞORSTEIN LEÓ

HÉR TIL AÐ VELTA ÞUNGUM SEM LÉTTUM STEINUM

Jæja Þorsteinn, það mætti segja að þú hafir slegið í gegn með Aftureldingu á þessu tímabili, hvernig finnst þér þú hafa staðið þig?

Þetta er búið að vera fyrst og fremst fínt tímabil fyrir mig, mætti samt segja að þetta hafi verið betra tímabil fyrir liðsfélaga mína vegna þess að þeir fá að sjá mig í sturtunni, kannski tekið eftir því að sjálfstraustið hjá sumum hefur hrapið eftir komu mína í meistaraflokkinn.

Það hafa verið tekin mörg viðtöl við þig núna í fjölmiðlum og þú varst í sjónvarpsþættinum Seinni bylgjan, hvernig er að vera orðinn sjónvarpstjarna? Jújú, það er bara



ágætt myndi ég segja. Þetta væri kannski erfitt fyrir Meðal-Jóna þarna úti en andlitið á mér á heima í sjónvarpinu, þeir vilja fá mig oftar til að fá áhorf hjá kvenmönnum upp og ég skil það alveg 100 prósent.

Hvert stefnirðu að ná í boltanum?

Draumurinn hefur alltaf verið að enda ferilinn hjá Krúnni í Grill-66 deildinni, auk þess kitla Þýskalandið og Spánn aðeins.

Hefur Halli bæjgert eitthvað til að bæta aðstöðuna og umgjörðina þarna hjá ykkur í handboltanum síðastliðin ár?

Nei, þetta er ekki golf.

Þú hefur spilað mikið í hægri skyttunni í staðinn fyrir vinstri, hvernig leggst það í þig?

Það er bara fínt, maður fer bara inn í leiki til að vinna sama hvaða stöðu ég spila og fínt að skora líka eitthvað þarna, lærdi það á B5 í sumar það er alltaf skemmtilegra að skora ;) og eins og þið í Steinaeyjunni vitið hjálpa ég líka liðsfélögum mínum að skora, segir Þorsteinn kokhraustur og smælar.

Eftir þetta frábæra viðtal við Þorstein höfum við í Steinaeyjunni átt að okkur á því að framtíðin er björt í Mosfellsbænum okkar fagra.



KVARTANIR OG LEIÐINDI
SENDIST Á NETFANGIÐ
STEINAEYJAN@GMAIL.COM

MARS 2021

Bolid.is

@bolid270

Félagsmiðstöðin Ból

MÁN	ÞRIÐ	MIÐ	FIM	FÖS	LAU
1. OPIÐ HÚS	2. OPIÐ HÚS	3. Bekkjarkvöld	4. Pool Mót	5. BÓLNÓTT	6. ZZZ
8. PINGPONG MÓT	9. KARAOKE KVÖLD	10. Spil & chill	11. FIFA mót	12. BÓLQUIZ?	13.
15. Pool Mót	16. Körfubolti	17. Hengimaður	18. Ömmu kaffi	19. Bíókvöld	20.
22. ÍSKVÖLD	23. Körfubolti	24. Körfubolti	25. Spil & chill	26. Kertaljós & spjall	27.
28. PÁSK	29. S	30. K	31. FRÍ		
Varnaból	Lágoból	Varnaból	Lágoból	Lágó&Varnaból	



Kjörisbikarinn í blaki
FINAL FOUR Í DIGRANESI
12.-14. MARS

Konur Afturelding - HK *föstudag kl. 20:00*



Karlar HK - Afturelding *laugardag kl. 16:00*

ÁFRAM AFTURELDING!

Mætum öll og hvetjum okkar fólk!



Karla- og kvennalið Aftureldingar FINAL 4



ÞAÐ ER STÓR HELGI FRAM UNÐAN HJÁ BLAKDEILD AFTURELDINGAR

FINAL 4 í blaki verður spilað í Digranesi um helgina og eru bæði karla- og kvennalið Aftureldingar komin þangað.

Stelpurnar slógu út Fylki í síðustu viku með 3-0 sigri og strákarnir gerðu það sama á laugardaginn þegar þeir slógu út ríkjandi bikarmeistara KA, einnig 3-0. Í undanúrslitaleikjum drógust bæði Aftureldingarliðin á móti því félagi sem einnig er með bæði liðin sín í Digranesi eða HK.

Kvennaleikurinn fer fram á föstudaginn kl. 20:00 og karlaleikurinn verður á laugardaginn kl. 16:00. Úrslitaleikirnir verða spilaðir á sunnudaginn. Kvennaleikurinn kl. 13:00 og karlaleikurinn kl. 15:30 og verða þeir báðir sýndir beint á RÚV og ætla Afturelding að sjálfsgöðu þangað með bæði liðin sín.

Undanúrslitaleikirnir verða sýndir á YouTube-rás Blaksambands Íslands svo allir geta horft á leikina um allt land og má búast við miklu áhorfi því færri komast að en vilja í Digranesið.

Vegna sóttvarnareglna er mikil fjöldatakmörkun hvað áhorfendur varðar og fær hvert lið einungis 60 miða til að selja á hvern leik, því eingöngu eru leyfðir 160 manns á leikjunum í heildina.

Samvinna eftir skilnað barnanna vegna

Í nóvember 2020 bauð félagsmálaráðuneytið fjölskyldusviði Mosfellsbæjar, ásamt sex öðrum sveitarfélögum í landinu, að vera með í tilraunaverkefni um framkvæmd félagslegrar ráðgjafar sem sérstaklega snýr að skilnaðarráðgjöf.

Markmið samkomulagsins um verkefnið er að innleiða og þróa nýtt vinnulag í samstarfi við félagsmálaráðuneytið. Verkefnið snýr að eflingu félagslegrar ráðgjafar með áherslu á skilnaðar-, forsjár- og umgengnismál.

Félagsmálaráðuneytið tryggir innleiðingu verkefnisins hvað varðar kostnað vegna samninga, annars vegar við danska fyrirtækið Samarbejde Efter Skilsmisse (SES) og hins vegar við íslenska sérfræðinga sem hafa umsjón með innleiðingu verkefnisins á Íslandi, þ.m.t. þýðingu efnis, fræðslu og handleiðslu til starfsmanna. Gildistími verkefnisins er 1. janúar til 30. júní 2021.

Fjölskyldunefnd Mosfellsbæjar fékk kynningu á verkefninu 17. nóvember 2020. Verkefnið var síðan staðfest á fundi bæjarstjórnar 25. nóvember 2020. Félagsráðgjafar fjölskyldusviðs Mosfellsbæjar hafa nú fengið þjálfun og kennslu frá sérfræðingum SES í þeim gagnreyndu aðferðum sem notaðar eru í verkefninu og geta þannig stutt við þá foreldra sem taka þátt í SES.

Rannsóknir hafa sýnt að þeir foreldrar sem taka þátt í SES skilnaðarráðgjöf líður betur bæði andlega og líkamlega, en þátttaka foreldra hefur einnig áhrif á bættu líðan barna þeirra.

Ráðgjöfin er miðuð við foreldra barna 0-18 ára. Ráðgjöfin miðar að því að koma í veg fyrir og/eða draga úr ágreiningi milli foreldra sem standa í skilnaðarferli og á



þann hátt að vernda börn þeirra í ferlinu. Í gegnum verkefnið öðlast foreldrar færni og verkfæri til að takast á við óvæntar uppkomur sem tengjast skilnaðinum sem og skilning á viðbrögðum barna sinna við honum.

Meginmarkmið verkefnisins er að vernda hagsmuni barnsins í ferlinu og bæta andlega og líkamlega líðan foreldra og barns. Úrræði verkefnisins sem í boði eru:

1. Rafrænt námskeið.
2. Sérhæfð ráðgjöf hjá SES ráðgjöfum Mosfellsbæjar.
3. Hópnámskeið. Námskeið fyrir foreldra er fyrirhugað á árinu (2021) þar sem ítarlega verður fjallað um áhrif skilnaðar á fjölskyldu.

Mikilvægt er að hafa í huga að ráðgjöfin þarf ekki að fara fram jafnhliða í skilnaðarferli og er einstaklingsmiðuð. Þannig er hún líka fyrir foreldra þótt lagt sé um liðið frá skilnaði. Ekki er þörf á að báðir foreldrar taki þátt í SES verkefninu, þó svo það sé æskilegt, heldur getur annað foreldrið hæglega nýtt sér úrræðin sem í boði eru.

Frekari upplýsingar um verkefnið má finna á samvinnaeftirskilnað.is, og á heimasíðu Mosfellsbæjar, þar sem einnig er hægt að sækja um í ráðgjöfina í gegnum mínar síður. Þá hefur samstarfsaðilum fjölskyldusviðs verið kynnt úrræðið.

Fyrir hönd SES hjá Mosfellsbæ,
Guðrún Marinósdóttir,
Stjórnandi barnaverndar

Býrð þú yfir þrautseigju og seiglu?

HEILSU HORNIN

Mörg okkar gera markvissar æfingar til að efla líkamlegt úthald og vöðvastyrk en spurning hversu mörg okkar gera æfingar til að auka andlegan styrk og verða sterkari í daglegu lífi?



Lífi þrátt fyrir krefjandi tímabil. Þótt við búum yfir þessum eiginleikum kemur það ekki í stað þess að leita aðstoðar sérfræðinga ef á þarf að halda á erfiðum tímum, slíkt getur verið mikilvæg leið til vaxtar og þroska.

Hvað er þrautseigja/seigla?

Þessi hugtök eru sannarlega ekki ný af nálinni enda voru þau og merking þeirra til umræðu hjá forngrískum heimspekingum á borð við Aristóteles og Platón. Hugtökin er náskyld og segja sumir að seigla sé hluti af þrautseigju en hér verða þau lögð að jöfnu.

Þrautseigja/seigla er notað um þá færni sem við beitum þegar við mætum mótlæti í lífinu og það að gefast ekki upp þó að á móti blási. Hún einkennist af staðfestu, andlegum styrk og óúthaldi til að takast á við áskoranir og krefjandi breytingar í lífi okkar. Þeir sem hafa náð að tileinka sér þrautseigju/seiglu eiga það flestir sameiginlegt að hafa trú á eigin getu, vera sjálföruggir, sjálfstæðir, ábyrgðarfullir og líta jákvæðum augum á lífið.

Velliðan og farsæld

Þrautseigja/seigla kemur ekki í veg fyrir erfið tímabil eða áföll í lífi okkar en þessir eiginleikar gera það af verkum að við eigum auðveldara með að takast á við áskoranir og halda áfram farsælu

Þrautseigja/seigla er talin samstanda af félagslegri hæfni, samskiptahæfni, lífsleikni, sjálfsstjórn og því umhverfi og aðstæðum sem við búum við.

Það sem stýður við þrautseigju/seigluna, og þar með velliðan okkar og farsæld í lífinu, er að ástunda heilbrigðan lífsstíl sem einkennist af góðum venjum s.s. að vinna með eigin tilfinningum, hvílast og nærast vel, hreyfa sig reglulega, stunda útivist og eiga í góðum félagslegum samskiptum.

Leggjum rækt við andlegan styrk, lærum um leiðir hugans og látum það endurspeglast í viðhorfum okkar og hegðun.

Bjartsýni og þrautseigja/seigla eru eitt af því mikilvægasta sem við lærum því þannig tekst okkur betur að takast á við hindranir og njóta lífsins.

Ólöf Kristín Sívertsen, Lýðheilsufræðingur og verkefnastjóri Heilsueflandi samfélags í Mosfellsbæ



HEILSUVIN Í MOSFELLSBÆ



...fyllgstu með okkur á facebook

www.facebook.com/mosfellingur



Lágafellslaug

ILMSÁNA

öll föstudagskvöld í mars

Tímarnir verða sem hér segir:
Kl: 20:00 – 20:30 – 21:00.

Hver tími tekur 10-12 mín.

Hámarksfjöldi í hvern
tíma eru 10 manns

*Olíurnar sem við notum eru
meðal annars: rósaðiður,
rósmarín, piparmynta, euca-
lyptus, timian og fleiri góðir ilmir.*

Allt 100% hágæðailmkjarnaolíur.



Hundruð litatóna í viðar- og steinaútliti

Opið 8-17 alla daga

Sérpöntum og afhendum á 10-15 dögum!

HEILSUMOLAR GAUA



ÁSKORANIR

Vorið er að koma. Kannski er það komið? Maður spyr sig. Það er alla vega bjart yfir núna þegar þessar línur eru skrifaðar, sólin skín og fuglarnir syngja.

Núna er tíminn til að hrista aðeins upp í sér og finna sér skemmtilega áskorun fyrir sumarið. Eitthvað sem þú getur notað næstu vikur í að undirbúa og æfa fyrir. Þetta getur verið áskorun sem þú býrð sjálf/ur til. Eitthvað sem þig hefur lengi langað til að gera. Eitthvað sem þú gætir hugsanlega fengið aðra með þér í. Eða ekki. Kannski langar þig bara að gera þetta fyrir þig. Það skiptir engu máli hvað öðrum finnst um áskorunina þína. Það sem einum finnst spennandi finnst öðrum kannski tímasóun. Það sem einum finnst of létt, finnst öðrum nánast ómögulegt.

Aðalatriðið varðandi áskorunina er að hún sé spennandi og þannig að þú þurfir að gera eitthvað aukalega til þess að ná henni. Hreyfa þig meira, sofa betur, borða hollar eða æfa öðruvísi. Ef þér dettur ekkert í hug, þá er ég með eina hugmynd að áskorun. KB þrautin verður haldin 22. maí næstkomandi. Eftir rúmlega 10 vikur. Þrautin er blanda af fellagöngu, utanvegarhlaupi og fjölbreyttum þrautum sem þátttakendur þurfa að komast í gegnum á leiðinni. Það þarf að bera hluti milli staða, klifra og skriða undir gaddavír svo nokkuð sé nefnt. Þetta er þraut fyrir alla, skemmtilegast er að taka þátt með vinum eða fjölskyldumeðlimum.

Það er líka hægt að tengja áskoranir við skemmtilega viðburði í lífinu. Það verður einn slíkur í minni fjölskyldu í lok ágúst. Ég er mjög spenntur fyrir þeim viðburði og er ekki einn um það. Konan mín byrjaði í síðustu viku á áskorun sem hún tengir við það sem mun gerast í lok ágúst. Áskorunin er æfingatengd og snýst um endurtekningar og vikufjölda. Lífið er ljúft, njótum þess!




Guðjón Svansson
gudjon@kettlebells.is

**Fasteignasala
Mosfellsbæjar**

www.fastmos.is



**Inndælingarefni
í sprungur og
ópétt plötuskil**




múrefni
ehf

Leka sprungurnar ?

Mikið úrval af efnum og verkfærum
til að stöðva lekann.
Fagleg ráðgjöf og þjónusta

Desjamýri 8 Mosfellsbæ
s. 4204010 - www.murefni.is



**ÚTIVISTAR-
REGLURNAR***

*Skv. 92 gr. laga nr. 80/2002

Á skólatíma 1. september til 1. maí

**12 ára börn og yngri
mega lengst vera úti til kl. 20**

**13 – 16 ára börn mega
lengst vera úti til kl. 22**

1. maí til 1. september

**12 ára börn og yngri
mega lengst vera úti til kl. 22**

**13 – 16 ára börn mega
lengst vera úti til kl. 24**



MOSFELLSBÆR



www.samanhopurinn.is

Foreldrum er heimilt að stytta þennan tíma en ekki lengja. Bregða má út af reglum þegar börn eru í fylgd með fullorðnum og börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla,- íþróttá- eða æskulýðssamkonu. Aldur miðast við fæðingarár.



Maria Gudmundsdóttir
Hrós dagsins fær allt það fólk sem er að vinna við bóluþættingar í Laugardalshöll. Við vorum boðin velkomin og vísað til sætis, með kurteisi og virðingu, það var einsog að koma í afmæli, enn engin kakan í staðinn fengum við vörn gegn covid. Alveg með ólíkindum hvað allir og ég endurtek allir voru kurteisir og yndislegir við okkur. Takk takk f.mig

3. mars



Stefanía Svavarsdóttir
Að biða eftir gosi er eins og að biða eftir barni. Alls konar hræringar en ekkert almennilegt að gerast, allir að tjékka allan sólarhringinn en staðan óbreytt... og þegar það gerist mun það ekki fara framhjá neinum. Móðir náttúra er komin way past her due date og orðin pissed... ég tengi :)

3. mars



Pétur Magnússon
Komin á kortið hjá Listapúkanum Hvenær verður maður Mosfellingur? Eftir að hafa búið fyrstu 20 ár ævinnar á Akranesi hef ég sannarlega stoltur kallað mig Skagamann alla tíð. Nú eru árin okkar í Mosó orðin rúmlega 20 og líklega get ég farið að kalla Mosfelling. Amk ef ég var tæpur að fá nafnbótina Mosfellingur held ég að ég sé örugglega orðinn það núna þegar ég fékk afhent listaverk af okkur í fjölskyldunni sem þar sem Listapúkinn sjálfur málaði okkur. Snillingurinn Þórir Gunnarsson starfar á Múlalundi en er jafnframt á fullu í myndlistarnámi og hefur málað fjölda manns í gegnum tíðina - ýmsa Mosfellinga, þjóðþekktu einstaklinga og alls konar sem hann sér í daglega línu. Hann er líka einn dyggasti stuðningsmaður Aftureldingar. Það var því ekki annað hægt en að vera hæst ánægður þegar hann færði mér þessa flottu mynd af okkur í fjölskyldunni. Kærar þakkar Þórir Gunnarsson Listapúki :)

28. febrúar

facebook

BílaGlerið

Framrúður & ísetningar
Sími 587-6510


Öryggisgler í vinnuvélar, báta og bíla

Bíldshöfða 16 (bakhús) · 110 Reykjavík · glerid@simnet.is



Öll almenn smíði

Fagleg og vönduð vinnubrögð.
Erum byrjaðir að bóka sólpalla fyrir sumarið.
Gerum verðtilboð þér að kostnaðarlausu!
7799760 Sumarliði / Gísli 7799761



GARDMENN

...gerum garðinn frægan!

Við sinnum öllum alhliða garðyrkjustörfum s.s jarðvegsvinnu, hellulögnum, steinhleðslum, timburverki, gróðursetningu, trjáklippingum.

Garðmenn leggja áherslu á fagleg vinnubrögð, vandvirkni og skjóta þjónustu.

Sími 893 5788

MG Lögmenn ehf.

Öll almenn lögfræðiþjónusta

Innheimtur

Sala fasteigna

Háholti 14 - Sími 588 1400 - mglogmenn@mglogmenn.is - www.mglogmenn.is

~ Fagmenn í yfir 40 ár ~



Flugumýri 2 - Sími 566-6216



Þú finnur öll blöðin á netinu
WWW.MOSFELLINGUR.IS



GÓÐIR MENN EHF

Rafverktakar
GSM: 820-5900

- nýlagnir • viðgerðir
- endurnýjun á rafliögnum
- hönnun og uppsetning á öryggiskerfum
- síma og tölvulagnir



Löggiltur rafverktaki



Frí Tjónaskoðun

★ GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI ★

Auðbrekku 27. Kópavogi 554 2510
www.bilasprautun.is

SIÓVA



Vörður



Ökukennsla Lárusar

Gsm 7775200 akamos@simnet.is

Vespu-, bifhjóla-, og bílpróf

Annast aksturmat og sé um hæfnispróf fyrir þá sem hafa gleymt að endurnýja.

Öll almenn vörubíla- og kranapjónusta

- Grabbi, grjótkló og fl.
- Útvega öll jarðefni.
- Traktor og sturtuvagn í ýmis verkefni eða leigu.
- Sláttupjónusta og fl.



BJ VERK ehf.
Björn s: 892-3042



FAGVERK

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING
TRAUST • REYNSLA

Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

VGH Mosfellsbæ

VERKTAKI SÍÐAN 1968

ÞAÐ SEM TIL ÞARF

896-9443 896-2279

HEYST HEFUR...

...að Geiri í Kjötubúðinni sé búinn að tryggja sér pláss við hlið Nettó í Sannukrikanum og muni opna þar útibú frá Kjötubúðinni í vor.

...að gömlu félagarnir úr Gildrunni séu að fara hljóðrita nýtt lag en hljómsveitin hefur verið starfrækt síðustu árin.

...að Steindi og Sigrún séu að færa sig úr Víðiteignum upp í Krikkhverfi.

...að hlutfallslega hafi selst flestar nýbyggingar í Mosfellsbæ á síðasta ári á landinu öllu.

...að bílasalan ÍsBand sé búin að sækja um lóð í Sannukrika fyrir höfuðstöðvar fyrirtækisins.

...að silfurlitaður krummi hafi sést spóka sig í Mosfellsbæ að undanfögnu.

...að Hafdís Huld hafi átt mest seldu plötu síðasta árs, Vögguvísur.

...að heilsugæslan sé að flytja í Sannukrika og muni opna á nýjum stað í lok mánaðarins.

...að Atli Guðlaugs skólastjóri Listaskólans sé búinn að segja starfi sínu lausu frá og með 31. júlí.

...að Hreindís Ylva og Hulda Hólmkels séu nú skráðar í sambúð á Facebook.

...að handknattleiksmaðurinn Elvar Ásgeirs sé genginn til liðs við franska liðið Nancy.

...að Karen á snyrtistofunni og stjörnu-fasteignasalinn Hannes Steindórs-son séu glænýtt par.

...að Steindi Jr. hafi sent Hönnu Símu á milli húsa með klósettrúllu í símahrekk með Loga í síðasta þætti.

...að körfuknattleikspjálfarinn umdeildi Brynjar Karl sé búinn að stofna liðið Apenu í samstarfi við ungmennafélagið á Kjalarnesi og fari þar fram stífar æfingar.

...að það sé komið nýtt gólf á golfskálann.

...að Jón Þór Eyjólfsson hafi orðið fimmtugur í vikunni.

...að Mosfellingurinn Una Hildardóttir sækist eftir forystusæti VG í Kraganum fyrir Alþingiskosningarnar.

...að bæði karla- og kvennalið Aftur-eldingar í blaki séu komin í Final Four sem fram fer um helgina.

...að mikið fjölskyldu-páskabingó verði haldið á Barion sunnudaginn 21. mars þar sem rafhlaupahjól og páskaegg verði á meðal vinninga.

...að hugmyndasöfnun sé farin af stað fyrir lýðræðisverkefnið Okkar Mosó 2021.

...að Viktor og Elísa Kristín eigi von á sínu fyrsta barni í sumar.

...að næsta haust verði Lágafellsskóli aftur fyrir krakka í 1. og 2. bekk.

...að gítarleikarinn snjalli Símon H. Ívarsson hafi orðið sjötugur í vikunni.


...að næsti Mosfellingur komi út fimmtudaginn 1. apríl.

mosfellingur@mosfellingur.is

Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is

Dvalinn Snær Egilsson Aspelund fæddist á Landspítalanum 9. desember 2020. Hann fæddist 14 merkur og 51 cm. Foreldrar eru Brynja Hlíf Hjaltadóttir og Egill Ari Gunnarsson Aspelund



Unnur Ösp Benjamínsdóttir. Fædd 18 merkur, 4.550 gr og 53 cm - fædd á Akranesi. Foreldrar: Stefánía Svavarsdóttir og Benjamín Náttmörður Árnason. Systkini: Örlygur Ómi Benjamínsson 2 ára, fæddur 18.12.18.



Jökull Máni er fæddur 10. desember 2020 og var 16,5 merkur, fæddur á Akranesi. Foreldrar: Steinunn Svavarsdóttir og Tómas Einar Torres, einn bróðir sem heitir Ágúst Máni.

Í eldhúsinu

HJÁ NÍNU OG RAGNARI

Chili Con Carne

Nína Björk Valdimarsdóttir og Ragnar Þór Þrastarson deila með okkur uppskrift að vinsælum rétti á þeirra heimili og mjög hentugur til þess að búa til mikið magn og eiga í frysti. Hann er þægilegur því öllu er hrugað í einn pott, látið malla og hægt að „dassa“ kryddin og innihaldsefni til eftir hentugleika.

Hráefni:

- 700 gr nautahakk
- 1-2 laukar
- 1-2 paprikur
- 4 gulrætur
- 1 hvítlauksgeiri
- 2 dósir af niðursoðnum tómötum
- 1 dós af tómatapúrru
- 1 dós nýrnabaunir
- 1 nautakrafur
- 2 tsk laukduft
- 2 tsk paprikuduft
- 2 tsk chili duft
- 1 tsk oregano
- Hnífsoddu cumin
- Salt & pipar (eftir smekk).

Aðferð:

Grænmeti skorið í svipað stórar einingar. Hita olíu í potti og steikja hakkið, salta og

pipra eftir smekk. Grænmeti sett út í ásamt niðursoðnum tómötum (smá auka vatn einnig). Krydd sett út í og látið malla við lágan hita sem lengst, því lengur því betra, en að minnsta kosti 40 mínútur. Þegar ca 15 mínútur eru eftir af eldunartíma eru nýrnabaunir skolaðar í sigti og settar út í. Rétturinn bragðbættur eftir smekk með kryddi. Æðislegt að bera fram með teskeið af sýrðum rjóma, rifnum cheddar og góðu hvítlauksbrauði.

Verði ykkur að góðu.



Ragnar Þór og Nína Björk skora á Freyju og Tómas Þór að deila næstu uppskrift

MAGNAÐ ÞETTA LÍF

Jæja ... nú er maður kominn á þann aldur að maður er farinn að fylgjast með fjölskyldum. Mér finnst mjög gaman að fylgjast með einstaklingum stíga skrefin út í lífið.


Ég hef verið að hlusta á hlaðvarp síðan síðasta sumar sem heitir Fjölskyldan ehf. en þar spjalla Margrét Pála og Móey Pála saman. Mér finnst svo fallett að fylgjast með öllu ferlinu, ferlinu að verða foreldri, heyra þær spjalla um uppeldi, þroska og fjölskyldur. Þær fá síðan fleiri meðlimi fjölskyldunnar til þess að koma og spjalla með sér sem er mjög skemmtilegt að hlusta á. Þær ná að gera uppeldið, þroskann og fjölskyldurnar að svo fallegu fyrirbæri. Börn eru einmitt svo frábær. Það er svo magnað þetta líf.

Að vinna með börnum og unglingum er blessun, að fylgjast með þroska þeirra og fá að vera hluti af honum gefur mér mjög mikið. Það er gaman að sjá að þau eru jafn ólík og þau eru mörg en hafa samt þann eiginleika að samþykkja hvert annað sem er eiginleiki sem auðvelt er að spilla.

Samfélagslega mótunin sem við verðum fyrir á unglingsárum og framan af er svo mikill þáttur í þroska okkar, allar staðalmyndirnar sem „við verðum að uppfylla“. Því er svo mikilvægt að við gerum þessa mótun jákvæða og tökum börn til fyrirmyndar.

Mér finnst við sem samfélag samt vera að sporna við þessari neikvæðu mótun, það er svo mikil vakning í málum eins og varðandi líkamsmynd, heilsu, staðalmyndir kynjanna og þess háttar. En þessir áhrifapunktur hafa áhrif á svo mörgum sviðum og snerta til að mynda fjölskyldur meira en maður kannski áttar sig á, það byrjar um leið og maginn fer að teygjast.

Skilgreiningar barna á ýmsum hlutum eru svo frábærar, útskýringarnar fjölbreyttar en svo einfaldar og þau gera erfðustu hluti svo ótrúlega einfalda að ég held að við ættum að hlusta oftar á þau, leyfa þeim að tala og hafa áhrif.



EMMA ÍREN



SMÁ AUGLÝSINGAR



Nudd

Þjófum upp á svæðanudd
- fótanudd á sanngjörnu
verði. Léttir fyrir allan
líkamann og til að slaka
á, veljið ilmjarnaolíu fyrir
proseager. Pantíð tíma í
síma: 8227750 (Lenka)

**Smáauglýsingarnar
eru friar fyrir
einstaklinga**

mofellingur@mofellingur.is



**PÚ GETUR
AUGLÝST
FRÍTT**

(...allt að 50 orð)



Sendu okkur þína
smáauglýsingu í
gegnum tölvupóst:
mofellingur@mofellingur.is



MÓTANDI



**NÆSTI
MOSFELLINGUR
KEMUR ÚT
1. APRÍL**

Bláðinu er dreift frítt
í öll hús í Mosfellsbæ.

Skilafrestur efnis/auðlýsinga er til
hádegis á mánudegi fyrir útgáfudag.

mofellingur@mofellingur.is

ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA

VERSLUM Í HEIMABYGGÐ



MALBIKSTÖÐIN



Sjúkrabjálfun & Sjúkranudd
**HEILSUEFLING
MOSFELLSBÆJAR**

Urðarholt 4 Mosfellsbær

Sími 578 5080

GLERTÆKNI ehf

Völuteigi 21

- gler í alla glugga -

S. 566-8888 • WWW.GLERTAEKNI.IS



BÍLAPARTAR ehf
Notaðir **TOYOTA** varahlutir

Sími: 587 7659

Grænumýri 3 | 270 Mosfellsbæ
www.bilapartar.is

AFLTAK EHF.

S: 660 0770 - www.aftak.is



ARI ODDSSON EHF
BYGGINGAVERKTAKI

MÚRVERK - FLÍSALAGNIR - ALMENN VIÐHALDSVINNA
FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI

Háholti 14 • 270 Mosfellsbæ • arioddsson@arioddsson.is
Símar: 895-0383 / 867-7704 / 564-4070



HJÁLMAR GUÐMUNDSSON
LÖGGILDUR HÚSASMÍÐAMEISTARI
S: 6959922
FHSVERK@GMAIL.COM

Tek að mér
alla krana- og
krabbavinnu

*Útvega allt
jarðefni*

VÖRUBÍLL Þ.B.
Klapparhlíð 10
Þorsteinn 822-7142



ÖKUKENNSLA

Tímamantanir og upplýsingar
hzoega@gmail.com

KENNI Á BEINSKIPTAN OG SJÁLFSKIPTAN BÍL



**ÖKUKENNSLA
AKSTURSMAT
UMFERÐARFRÆÐSLA**

Hreiðar Örn Zoëga

820 1616



B. Markan ehf.
Pípulagnir

660 6690

www.bmarkan.is

**FÓTAADGERÐASTOFA
MOSFELLSBÆJAR**

Þverholti 3 - Sími: 566-6612



BÍLAVIÐGERÐIR
BÍLHÚSIÐ

www.bilhusid.is

Véla- og hjólastillingar.
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,
smurþjónusta og allar almennar viðgerðir.

Smíðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540

SPURNING TIL BÆJARBÚA

Hver er næsta stóra stjarna Mosfellsbæjar?




ALLÍ DAVORS (FLUGAN):
Róbert Orri Þorkelsson punktur.



OSKAR WAZILEVSKI:
Klárlega Steinaeyjubræður.



DAWID MISTERA:
Brynjar Vignir Sigurjónsson.



KRISTJÁN ATLI MARTEINSSON:
Tvímælaust Birkir og Eyþór.



ÁRMANN SIGURDSSON:
Kristófer Karl Karlsson.



ALEXANDER KLEINMAN:
Klárlega Þorsteinn Leó.

Fylgdu okkur á Instagram...

@MOSFELLINGUR



HVERJIR VORU HVAR?


Sendið okkur endilega myndir - mosfellingur@mosfellingur.is




Strákarnir á Borginni



Jónni og Berti mættir á vaktina



Super Mario safnar áheimum




Kókosíð gíggar



Bjössi loksins kominn á rétta bílinn



Steindí með Loga í Kvosin



Mottumarsinn

RYMJA



**VANN SÖNGVAKEPPNI KVENNÓ
MOSFELLINGURINN ELÍSABET TINNA (18)**

TVÍFARAR



Dóri DNA



Gylfi Ægis



Hárstofan Sprey

Sími 5176677
og á noona.is/sprey

[sprey_harstofa](https://www.instagram.com/sprey_harstofa)

Hárstofan Sprey
Háholt 14 - s. 517 6677

GRAFÍT

innanhússarkitektúr, hönnun & ráðgjöf
fyrir heimili, fyrirtæki & stofnanir

www.grafit.is

Þú finnur grafit líka á facebook & instagram



ÓSKA EFTIR EIGNUM

Vegna mikillar eftirspurnar eftir eignum í Mosfellsbæ óska ég eftir eignum á söluskrá



Ég aðstoða kaupendur í fasteignaviðskiptum þegar drauma eignin er fundin. Mæti að kostnaðarlausu með viðskiptavini að skoða eignina og veiti aðstoð í öllu ferlinu.

Hlakka til að heyra frá þér og ræða næstu skref.

Kristinn Sigurbjörnsson Löggiltur fasteignasali - Byggingafræðingur
Beinn sími: 560-5502 Netfang: kristinn@allt.is

Nýleg meðmæli:

Mæli eindregið með Kidda. Hann seldi fyrir mig. Mjög traustur og áreiðanlegur, fylginn sér og fullur af fróðleik með reynslu og þekkir mjög vel til byggingar og reglugerðar, var mér til halds og traust frá byrjun til enda frábær þjónusta. Fær 110 prósent meðmæli frá mér.

Kiddi fasteignasali starfar af áhuga á faginu og heillindum við sína viðskiptavini. Virkilega góð þjónusta og fagmannleg vinnubrögð.

 **ALLT**
FASTEIGNASALA

www.allt.is Sími 560 5500



ÖSKUDAGSFJÖR

Þessar hressu stelpur röltu uppklæddar um bæinn á öskudaginn og sungu fyrir nammi.

Mynd/Hilmar

Sæktu
Landsbanka-
appið



App Store Google Play

Múlalundur

Glæsileg
ritfangaverslun
í Mosfellsbæ

- kíktu við, þá vinna allir!



MÚLALUNDUR
vinnustofa SÍBS

við Reykjalund, Mosfellsbæ
www.mulalundur.is

MIKIL SALA - VANTAR EIGNIR - VERÐMETUM



Pétur Pétursson
löggiltur
fasteignasali
897-0047



Davíð Ólafsson
löggiltur
fasteignasali
896-4732

Þjónusta við
Mosfellinga í 30 ár

Háholt 14, 2. hæð
588 55 30



Erum með einbýlishúsalóð á flottum stað innan við Reyki í Mosfellsbæ. Hentar vel þeim sem kjósa að búa í úthverfi og í fallettri náttúru. Frábærar gönguleiðir.



530 fm atvinnuhúsnæði til sölu eða leigu. 2 innkeyrsludyr, 4 m. Stór salur. 5-7 m lofthæð. 80 fm húsnæði á efri hæð. Kaffistofa, skrifstofur og snyrting. Laust strax.



Vel staðsett 900 fm hestamiðstöð efst í hesthúsaþverfi Mosfellsbæjar. Pláss í stíum fyrir 35 hesta. Stór salur fyrir tamningar o.fl. Séríbúð á efri hæð og gott aðgengi. Flott aðstaða fyrir hestafólk, hnakkageymsla og snyrtiaðstaða. Stórhláða og tæki. Góð gerði og bílastæði.



181 fm timbur einbýlishús á Kjalarnesi auk bílskúrs. 2.000 fm lóð og góð bílastæði. 5 svefnherbergi. Góð aðkoma að húsi. Fallett útsýni.